

LÖG

20

27. júní

um

heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar Bjargráðasjóðs Íslands, er atvinnumálaráðherra heimilt að lána af fje sjóðsins:

- a) hreppsfjelögum eða bæjarfjelögum, sem eru nauðulega stödd vegna afleiðinga heimsstyrjaldarinnar miklu eða af öðrum ófyrirsjáanlegum atvikum.
- b) fóðurbirgðafjelögum eða öðrum fjelögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri.
- c) hreppsfjelögum, er koma á fót hjá sjer bústofnslánadeildum.

2. gr.

Lán þessi skulu veitt gegn 5 af hundraði í vöxtu á ári og ekki til lengri tíma en 20 ára. Lánin skulu jafnan trygð með ábyrgð hlutaðeigandi sýslusjóðs eða bæjarsjóðs. Nánari reglur um afgreiðslu lánanna, innihald skuldabryjfa og innheimtu lánanna getur atvinnumálaráðherra sett.

3. gr.

Hreppsfjelagi eða bæjarfjelagi, sem óskar láns eftir heimild a-liðs 1. gr., er skylt að gefa atvinnumálaráðherra nákvæma skýrslu um hag sinn og sýna fram á, hvers vegna efnahagur hreppsins eða bæjarins er kominn svo, að lán sje nauðsynlegt. Og meðan nokkuð er ógreitt af slíku láni, er hlutaðeigandi hreppsfjelagi eða bæjarfjelagi skylt að senda atvinnumálaráðuneytinu árlega, nægilega snemma, áætlun um tekjur sínar og gjöld, og má ekki, meðan svo stendur á, ráðast í neinar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, nema þær sjeu beinlínis lögskipaðar, enda er hreppsnefnd eða bæjarstjórn skyld til að breyta áætluninni, ef ráðuneytið leggur svo fyrir.

4. gr.

Lán þau, er ræðir um í b-lið 1. gr., skal að eins nota til stofnunar forðabúra eða stækkunar þeirra, enda sjeu samþykktir þeirra settar og stað-

20 festar eftir því, sem lög mæla fyrir. Fjárhæð slíkra lána má ekki nema meiru
27. júní en helmingi stofnkostnaðar eða aukningar.

5. gr.

Lán eftir e-lið 1. gr. má ekki veita nema hlutaðeigandi hreppsfjelag hafi sett reglur um bústofnslánadeildina, sem atvinnumálaráðherra hefir staðfest, og skal vera heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að tekjur bústofnslánadeildarinnar megi taka lögtaki. Atvinnumálaráðuneytið lætur hreppsnefndum í tje fyrirmynd að slíkum reglum, og hefir heimild til að setja frekari reglur um lán þessi, ef þurfa þykir.

6. gr.

Að jafnaði má ekki veita hærri lán úr Bjargráðasjóði í neina sýslu eða kaupstað en sem svarar hluta þeirra í sjereigninni og hinum sameiginlega sjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

21

27. júní

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sama vald veitist bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, enda nái öll